

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 65/1993.

Helgi V. Jónsson hrl.

vegna þrotabús Viðars Arthúrssonar

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

gegn

Ólöfu Eiríksdóttur

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Umboð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Viðar Arthúrsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1993. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 16. júní 1993 var bú Viðars Arthúrssonar tekið til gjaldþrotaskipta. Á skiptafundi í búinu 27. september 1993 var samþykkt, að Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður tæki að sér sókn hæstaréttarmáls þessa á grundvelli 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Áfrýjandi krefst þess, að kröfur þrotamanns fyrir héraðsdómi verði teknar til greina. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Auk þess krefst hún þess, að kveðið verði á um „ábyrgð lögmanns áfrýjanda, Helga V. Jónssonar hrl., á tildæmdum málskostnaði með vísan til yfirlýsingar hans í greinargerð í Hæstarétti og til 130. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991“.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, meðal annars bréf skiptastjóra áfrýjanda 28. september 1993, stofnsamningur fyrir Heimaland hf. 30. október 1989 og tilkynning til Hlutafélagaskrár frá 14. nóvember 1989 um breytingu nafns Heimalands hf. í Bláfell-Heimaland hf.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, varðar mál þetta, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, skuldabréf, sem upphaflega var að fjárhæð 525.000 krónur, út gefið

1. nóvember 1989 af Magnúsi Karlssyni f. h. Heildverslunarinnar Bláfells, kt. 590988-1039. Skuldina skyldi greiða með sextán afborgunum, hinni fyrstu 1. febrúar 1990. Kröfuhafi samkvæmt bréfinu er Viðar Arthúrssón, en stefndi sjálfskuldarábyrgðarmaður. Aftan á skuldabréfinu kemur fram, að fyrstu fimm afborganir af því voru greiddar ásamt vöxtum, vísitöluálagi og dráttarvöxtum.

Samkvæmt Firmaskrá Reykjavíkur var Viðar Arthúrssón einkaeigandi Heildverslunarinnar Bláfells, þegar skuldabréfið var gefið út. Bar hann ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum heildverslunarinnar. Gögn málsins bera ekki með sér, að Magnús Karlsson hafi haft heimild til að skuldbinda aðalskuldara bréfsins. Hvor þessara ástæðna um sig leiðir til þess, að kröfuréttur stofnaðist ekki á grundvelli skuldabréfsins á hendur þeim, sem var aðalskuldari samkvæmt orðum bréfsins. Stefndi verður því ekki sóttur sem sjálfskuldarábyrgðarmaður í máli eftir XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Krafa stefndu um ábyrgð Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns á málskostnaði er ekki í því horfi, að á hana verði lagður dómur í málinu.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefndu 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms mánudaginn 11. janúar sl., hefur Viðar Arthúrssón, kt. 160536-2099, Fellsmúla 7, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 29. apríl 1992, á hendur Ólöfu S. Eiríksdóttur, kt. 151035-2139, Ljósheimum 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 419.730 kr. með dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað [...].

Mál þetta var upphaflega rekið sem áskorunarmál, en með bókun í þing-

bók 30. júní 1992 var því víkið til almennrar meðferðar, sbr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, 26. gr.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að skuld þessi sé samkvæmt skuldabréfi nr. 100034, út gefnu 1. nóvember 1989 til Viðars Arthússonar af Heildversluninni Bláfelli. Skuldabréfið, sem upphaflega hafi verið að fjárhæð 525.000 kr., sé með sjálfskuldarábyrgð stefndu. Skuldabréfið sé bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2693 stigum. Skuldina hafi borið að endurgreiða með 16 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. febrúar 1990. Í vexti af höfuðstól lánsins hafi borið að greiða hæstu lögleyfðu vexti, eins og þeir séu ákveðnir af skuldabréfum á hverjum tíma. Stefnda hafi ekki staðið við greiðslu skuldabréfsins á gjalddaga 1. maí 1991. Hafi eftirstöðvar bréfsins þá verið að viðbættum vöxtum 419.730 kr., og séu þær í gjalddaga fallnar samkvæmt ákvæði í bréfinu.

Um lagarök segir stefnandi, að mál þetta sé höfðað með stoð í XX. kafla laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, og einnig með stoð í XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Krafa um dráttarvexti sé reist á vaxtalögum nr. 25/1987 og krafa um málaskostnað og dráttarvexti af honum á 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. p-lið 165. gr. laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

3.0.

Stefnda segir sýknukröfu sína studda þeim rökum, að krafa stefnanda samkvæmt skuldabréfi því, er hann reisi dómkröfur sínar á, hafi fallið niður vegna samruna réttar og skyldu. Aðalskuldari bréfsins, Heildverslunin Bláfell, sé einkafirma stefnanda, og beri hann ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum þess. Stefnandi sé því í raun aðalskuldari bréfsins og geti því eigi samkvæmt viðskiptareglum krafði sjálfskuldarábyrgðarmann skuldarinnar um greiðslu.

Til stuðnings sýknukröfu sinni vísar stefnda til almennra reglna kröfurettar, einkum reglna um lok kröfurettinda, og til reglna um viðskiptabréf.

Auk framanritaðs skuli bent á, að stefnandi hafi ritað eyðuútfyllt framsal á bréfið, en slíkt framsal sé ólöglegt samkvæmt gildandi reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggð skuldabréf, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 13/1979. Þá verði ekki ráðið af afriti stefndu af fram lögðu skuldabréfi, að skulda-

bréfið hafi verið stimplað, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1978. Rýri hvort tveggja þetta lögformlegt gildi skjalsins.

4.0.

Stefnandi mótmælir í greinargerð sinni fullyrðingu stefndu um, að stefnandi sé aðalskuldari bréfsins.

Í september 1988 hafi stefnandi hafið rekstur Heildverslunarinnar Bláfells, kt. 590988-1039. Með samningi, dagsettum 1. nóvember 1989, hafi stefnandi selt heildverslunina hlutafélagi, sem í samningi sé tilgreint sem Heimaland hf. Samþykktir þess félags séu dagsettar 30. október 1989, og tilkynning um stofnun þess til Lögbirtingablaðs sé dagsett sama dag. Hið rétta nafn félagsins sé Bláfell-Heimaland hf. Hluthafar í félaginu hafi verið stefnda, Magnús Karlsson, Haraldur B. Böðvarsson, stefnandi og Bjarni Agnarsson. Hinn síðastnefndi hafi átt óverulegan hlut, en hlutir hinna hluthafanna hafi verið jafnstórir. Skuldabréf það, sem krafist sé greiðslu á, sé greiðsla Ólafar á helmingi af hlut hennar í kaupverði heildverslunarinnar.

Magnús Karlsson riti undir skuldabréfið fyrir hönd Heildverslunarinnar Bláfells. Skýring á þeirri undirritun gæti verið, að um misritun sé að ræða og að útgefandi bréfsins hafi átt að vera Bláfell-Heimaland hf. Hafa beri í huga, að líklegt sé, að daginn, sem bréfið sé gefið út, hafi félagið ekki enn fengið kennitölu. Hver skýringin sé, skipti hins vegar ekki máli. Þar sem stefnandi hafi selt hlutafélaginu Heildverslunina Bláfell, kt. 590988-1039, beri hann sjálfur ekki lengur persónulega ábyrgð á skuldbindingum heildverslunarinnar. Á engan hátt sé hægt að líta svo á, að stefnandi sé skuldbundinn sem útgefandi bréfsins.

Skuldabréf það, sem um ræði, hafi verið óslitið í eigu stefnanda. Það, að stefnandi hugðist reyna að selja skuldabréfið og hafi ritað nafn sitt undir eyðuframsal á bakhlið þess, hafi því ekkert gildi og enga þýðingu.

Pótt svo væri, að skuldabréfið hafi ekki verið stimplað, hafi það engin áhrif á úrslit máls þessa. Vanræksla stimpilskyldu varði ekki ógildi kröfu samkvæmt skjali.

Mál þetta sé höfðað með stoð í XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Stefnandi samþykki ekki, að stefnda komi að frekari vörnum en þar séu leyfðar.

5.0.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Ekki verða því tekin til skoðunar önnur lögskipti málsaðila en þau, er komast að vegna varna, er hafa má uppi samkvæmt ákvæðum þessa kafla laganna.

Ekki er umdeilt, að ætlaður aðalskuldari bréfsins, Heildverslunin Bláfell, var einkafirma stefnanda, sem hann einn bar ótakmarkaða ábyrgð á. Sami aðili var því upphaflega samkvæmt bréfinu kröfuhafi og skuldari þess. Hér var því um tæknilegan ómöguleika að ræða, þ. e. samruna réttinda og skyldna.

Stefnandi hefur haft uppi þá málsástæðu, að um misritun hafi verið að ræða á skuldara bréfsins við útgáfu þess, þ. e., að skuldabréfið hefði átt að vera undirritað af Bláfelli-Heimalandi hf. og bera kennitölu þess. Gegn andmælum stefndu verður ekki í þessu máli, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991, fallist á þessa málsástæðu stefnanda, enda ber hlutafélagið annað heiti, sem stefnandi viðurkennir, að hafi þegar verið þekkt fyrir undirritun skuldabréfsins, þar sem félagið hafi þá þegar verið stofnað. Ber í þessu sambandi að hafa í huga, að við útgáfu skuldabréfsins var notað staðlað form, og verður yfirlýsing um ábyrgð túlkuð þröngt.

Sjálfskuldarábyrgðaraðili gat ekki borið ábyrgð á annarri skuldbindingu en hann hafði beinlínis gengist undir. Aldrei var leitað eftir samþykki hans fyrir sjálfskuldarábyrgð gagnvart nýjum skuldara, þ. e. Bláfelli-Heimalandi hf. Í þessu sambandi verður einnig að hafa það í huga, sem áður var tekið fram, að við útgáfu skuldabréfsins var notað staðlað form og því yfirlýsing um ábyrgð túlkuð þröngt. Ekki verður því talið, að stefnda hafi gengið í sjálfskuldarábyrgð á bréfinu gagnvart nýjum skuldara.

Þegar af framangreindum ástæðum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Hér er þó ekki tekin afstaða til lögskipta að baki útgáfu skuldabréfsins og þeirra forsendna, sem stefnandi miðar við, enda er málið rekið samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga.

Eftir atvikum og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Ólöf S. Eiríksdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Viðars Arthúrssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.